

Samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga

Ríkisstjórn Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga gera með sér svohljóðandi samstarfssáttmála:

1. gr.

Markmið

Markmið þessa samstarfssáttmála er að efla formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Með gerð þessa samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga er stefnt að því að:

- efla gagnkvæman skilning á viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig í samfélagslegu og efnahagslegu tilliti,
- koma á reglubundnum samskiptum aðilanna,
- stuðla að sameiginlegri sýn á þróun, stöðu og framtíð sveitarstjórnarstigsins,
- samræma, eftir því sem kostur er, stefnu ríkis og sveitarfélaga í opinberum fjármálum og rekstri, með það fyrir augum að unnt verði að ná þeim efnahagsmarkmiðum sem ríkisstjórnin og Alþingi ákvarða á hverjum tíma.
- stuðla að aðhaldi og ábyrgð í opinberum rekstri,
- stuðla að upplýstri umræðu um sveitarstjórnarmál.

2. gr.

Sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga o.fl.

Aðilar eru sammála um að vinna að því að:

- sveitarstjórnarstigið eflist faglega,
- sjálfstjórnarréttur sveitarfélaganna sé virtur í samræmi við ákvæði Evrópusáttmálans um sjálfstjórn sveitarfélaga,
- að löggjöf og reglugerðir veiti sveitarfélögum, eftir því sem unnt er, svigrúm til að haga verkefnum sínum og athöfnum með hliðsjón af staðbundnum aðstæðum og viðhorfum,
- fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafi samráð um sameiginleg málefni,
- skilgreina betur hlutverk og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í samstarfsverkefnum.

3. gr.

Samráð ríkis og sveitarfélaga

Aðilar eru sammála um að hafa með sér formlegt samráð, sbr. 4.–7. gr., um eftirfarandi málefni:

- efnahagsmál og þróun í fjármálum ríkis og sveitarfélaga,
- kjaramál,
- EES-mál,
- stefnu ríkisstjórnarinnar sem hafa mun í för með sér nýja löggjöf, eða reglur, er snerta sveitarfélög, verkefni þeirra og tekjustofna og óskir sveitarfélaga um breytingar á lögum og reglum.

Komi fram tillögur um breytingar á verkaskiptingu eða fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og/eða tekjustofnum sveitarfélaga, skulu þær teknar til umfjöllunar á árlegum samráðsfundi fulltrúa stjórnar sambandsins með samgönguráðherra og fjármálaráðherra, sbr. 7. gr., eða á aukafundum þessara aðila sem boðað er sérstaklega til, óski annar hvor aðili þess.

4. gr.

Samráðsnefndanefnd um efnahagsmál

Starfa skal samráðsnefnd aðila um efnahagsmál og þróun í fjármálum ríkis og sveitarfélaga.

Nefndin aflar gagna um stöðu efnahagsmála og þróun í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, þ.á.m. frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Nefndin skilar árlega, í byrjun árs, greinargerð um efnahagsmál, þróun í fjármálum ríkis og sveitarfélaga og kjaramál sem tekin skal til umfjöllunar á samráðsfundum með samgöngu- og fjármálaráðherra., sbr. 8. gr. Nefndin skal gera sérstaklega grein fyrir hvernig tekist hefur til með fjármálareglur hjá ríki og sveitarfélögum frá síðasta samráðsfundi.

Nefndin gefur einnig samráðsfundum skv. 7. gr. umsögn um tillögur til breytinga á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og/eða tekjustofnum sveitarfélaga, ef þess er óskað.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa samgönguráðuneytisins, einum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og tveimur fulltrúum sambandsins.

Nefndin skal setja sér starfsreglur.

5. gr.

Kjaramálanefnd

Starfa skal kjaramálanefnd aðila er fjallar um þróun kjara- og starfsmannamála, auk lífeyrissjóðsmála ríkis og sveitarfélaga.

Nefndin aflar gagna um framangreind mál og kemur niðurstöðum sínum á framfæri við samráðsnefnd um efnahagsmál, sbr. 4. gr.

Niðurstöður nefndarinnar skulu teknar til umfjöllunar á samráðsfundum með samgöngu- og fjármálaráðherrum, sbr. 7. gr.

Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum fjármálaráðuneytisins og tveimur fulltrúum sambandsins.

Nefndin skal setja sér starfsreglur.

6. gr.

Samstarf vegna EES-mála

Aðilar eru sammála um að efla með sér skipulegt samstarf um EES-mál er varða sveitarfélög.

Samstarfið felst einkum í miðlun upplýsinga og fræðslu og að fylgjast með undirbúningi löggjafar og stefnumótunar hjá Evrópusambandinu með það að markmiði að koma athugasemdum á framfæri á frumstigi.

Samstarfið fer fram innan samstarfshóps utanríkisráðuneytisins um EES- mál sveitarfélaga og með beinum tengslum milli sambandsins og einstakra ráðuneyta.

7. gr.

Samráðsfundir

Ár hvert skal haldinn a.m.k. einn samráðsfundur fulltrúa stjórnar sambandsins og samgönguráðherra og fjármálaráðherra, auk annarra ráðherra ef sérstök ástæða er til. Markmið fundanna er að samræma viðhorf og stefnu ríkis og sveitarfélaga og ræða sameiginleg málefni.

Auk þeirra mála sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. skal á samráðsfundi taka til umfjöllunar eftir því sem við á:

- a. þróun og horfur í efnahagsmálum,
- b. störf samráðsnefndar um efnahagsmál, sbr. 4. gr.,

- c. störf kjaramálanefndar, sbr. 5. gr.,
- d. EES-mál,
- e. stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi nýja eða breytta löggjöf er snertir sveitarfélögin, verkefni þeirra og tekjustofna,
- f. óskir sveitarfélaganna um breytingar á lögum og reglum.

Fundurinn skal að jafnaði haldinn í febrúar eða mars.

Fulltrúar samgönguráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins og sambandsins undirbúa samráðsfundina og hafa samstarf um boðun þeirra.

8. gr.

Gildistími

Samstarfssáttmáli þessi gildir þar til annað er ákveðið. Telji annar hvor aðili samningsins ástæðu til skal sáttmálinn tekinn til endurskoðunar.

Reykjavík, 2. apríl 2008

F.h. ríkisstjórnar Íslands

Kristján L. Möller
samgönguráðherra

Árni M. Mathiesen
fjármálaráðherra

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Halldór Halldórsson
formaður

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Viðauki við samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga

Með vísan til 1. gr. í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og í þeim tilgangi að auka traust og formfestu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, bæta stjórnslu hins opinbera og efla gagnkvæman skilning á viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig eru aðilar sammála um að skipa nefnd sem skal fara yfir einstök mál sem vísað er til nefndarinnar. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, einum frá samgönguráðuneyti, einum frá fjármálaráðuneyti og tveimur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin skal funda svo oft sem þurfa þykir. Fulltrúi samgönguráðherra boðar fyrsta fund, að höfðu samráði við aðra nefndarmenn.

Nefndin skal sérstaklega taka upp á fundum sínum umræður um með hvaða hætti er unnt að bæta verkferla og samskipti þessara stjórnslustiga.

Þau mál sem aðilum er heimilt að vísa til nefndarinnar eru:

- Stefnuálagum ríkisstjórnarinnar sem hafa í för með sér nýja löggjöf, eða reglur, er snerta sveitarfélög, verkefni þeirra og tekjustofna og óskir sveitarfélaga um breytingar á lögum og reglum.
- Álitamál um kostnaðarskiptingu og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga vegna sameiginlegra verkefna
- Kostnaðaráhrif nýrra laga og reglugerða gagnvart sveitarfélögum.

Einnig getur nefndin rætt, eftir því sem aðilar telja þörf á, um almenna stöðu sveitarstjórnarstigsins og gert tillögur um leiðir til að efla framþróun þess.

Nefndinni er ætlað að greina stöðu mála í álita- og ágreiningsmálum, koma með tillögur að lausnum til ríkisstjórnar, ráðuneyta og Sambands sveitarfélaga eftir atvikum.

Ef um það tekst samkomulag í nefndinni getur hún gert tillögur um laga- eða reglugerðarbreytingar til viðkomandi ráðuneyta. Nefndin skilar greinargerð til samráðsfundar ríkis- og sveitarfélaga eigi síðar en á árinu 2009.

Skipunartími nefndarinnar er eitt ár. Ákvörðun um hvort framhald verður á starfi nefndarinnar skal tekin eigi síðar en á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga árið 2009.

Reykjavík, 2. apríl 2008

F.h. ríkisstjórnar Íslands

Kristján L. Möller, samgönguráðherra

Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Halldór Halldórsson, formaður

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri